

Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BJJ, EOK, DrH, ÁMöl, BjarnB, GÓJ).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 2.27 Að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa eða leigja annan hentugri.
 - 2.28 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík, Ísafjarðarbæ.
 - 2.29 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
 - 2.30 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Svalbarðshreppi.
 - 2.31 Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 3.24 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Ártúni 3, Siglufirði, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðistofnuninni Siglufirði.
 - 3.25 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Dílahæð 5, Borgarnesi, og kaupa annað hentugra húnæði í staðinn.
 - 3.26 Að selja eignarhlut ríkisins í íbúðum við Kristnesspítala og verja andvirðinu til endurbóta og stækkunar á endurhæfingaraðstöðu spítalans.
 - 3.27 Að selja eignarhlut ríkisins í Hafnarbraut 27, Höfn í Hornafirði, og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á húsnaði lögreglunnar að Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði.
 - 3.28 Að selja eignarhluta ÁTVR í húsnaði að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.
3. Liðir 4.16–4.21 falli brott.
4. Við 6. gr. Breyttir liðir:

Liður 4.55 orðist svo: Að selja íbúðarhúsið í Tungu í Rangárþingi eystra ásamt hluta úr jörðinni og ráðstafa andvirðinu til Þjóðskóga.

Liður 4.56 orðist svo: Að selja Innranes úr landi Bolholts, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
5. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 4.59 Að selja hluta jarðarinnar Hraunsmúla, Borgarbyggð.
 - 4.60 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
 - 4.61 Að selja jörðina Tjaldanes í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ.
 - 4.62 Að selja jörðina Hleinagarð, Fljótsdalshéraði.
 - 4.63 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Hvalfirði.
 - 4.64 Að hafa makaskipti við Vestmannaeyjabæ á landspildum í nágrenni Vestmannaeyjaflugvallar.
 - 4.65 Að selja hluta af jörðinni Skarði, Rangárþingi ytra.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 5.4 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
 - 5.5 Að selja hlut ríkissjóðs í Fiskeldi Eyjafjarðar ehf.

7. Við 6. gr. Liður 6.12 falli brott.
8. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 6.23 Að leigja húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar á Selfossi.
 - 6.24 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
 - 6.25 Að selja læknisbústað að Svarfaðarbraut 24 á Dalvík og kaupa annan hentugri ef þörf er á.
9. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 7.13 Að selja, leigja eða ráðstafa með öðrum hætti fasteignum og landsvæðum á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli sem koma á í borgaraleg not.
 - 7.14 Að ráðstafa allt að helmingi af eins milljarðs evra láni ríkissjóðs til að efla eiginfjárstöðu Seðlabanka Íslands.